

25. mars 2006

árg. 3 - 1. tbl.

# Kerhraunsfréttir

## Aðalfundur

### Kæru Kerhraunarar!

Stefnt er að því að hafa aðalfundinn þriðjudaginn 25. apríl kl. 20:00 í Rafiðnaðarskólanum.

Vinsamlegast takið frá þessa kvöldstund.

Í tilefni þess að nú fer að stytast í aðalfundinn þá er ágætt að nefna örfá atriði sem rétt er að landeigendur í Kerhrauni íhugi fyrir aðalfundinn.

Það eru nokkur mál sem þarf að ræða:

- Staða vatnsmála.
- Girðingarmál.
- Ný girðing—viðgerðir- færsla.
- Vegamál.
- Tiltækt á svæðinu.
- Grindarhlíð.

Það er tilvalið að kanna hvort „**GRÆNA NEFNDIN**” ætli að taka til starfa í ár.

Á síðasta fundi kom fram sú ósk að á eftir hefðbundinni dagskrá yrðu umræður og er sjálfsagt mál að taka tillit til þess enda tilvalinn staður til að koma hugmyndum á framfæri og slípa saman hópinn.

Ef einhverjar óskir eru þá endilega hafið samband: GSM 896-4437 eða [gudrunmn@simnet.is](mailto:gudrunmn@simnet.is).

## Girðingar

Vorið er komið og grundirnar gróa og allt það. Þessu fylgja blessuð vorverkin en þau felast meðal annars í því að varna því að rollurnar éti gróðurinn sem við erum að bíða eftir að verði stór.

Ykkur til fróðleiks má geta þess að það voru sett lög árið 2001 um girðingar og í ljósi þess sendi stjórnin bréf til allra eigenda sem lönd eiga að Kerhrauninu til þess að gera þeim grein fyrir skyldum þeirra hvað varðar girðingar bæði nýjar sem eldri og líka til þess að kynna þeim þeirra þátt í kostnaðinum sem þessu fylgir.

Eigendur sem lönd eiga að Kerhrauninu eru 5 og kom engum í stjórninni á óvart að aðeins 1 þeirra svaraði ekki kalli en sá aðili er Ásta nokkur Hávarðardóttir sem greinlega er ekki alveg sátt við formann félagsins sem sífellt er að neyða hana til þess að opna budduna. Það er annars mikill skilningur hinna eigendanna varðandi skyldur þeirra. Meðfylgjandi er afrit af bréfinu sem fór í póst.

Hvað framhaldið varðar með Ástu þá fékk hún í vikunni bréf frá lögfræðingi þar sem henni eru gerðar ljósar skyldur hennar gagnvart okkur. Svo er bara að bíða og sjá hvað gerist en girða verðum við sem fyrst þar sem flytja þarf girðinguna og síðan laga það sem laga þarf.

# Afrit af bréfi

XXXXX  
XXXXXX  
XXXX

Reykjavík 7. febrúar 2006

Stjórn Félags sumarhúseigenda í Kerhrauni, Grímsnesi hefur ákveðið að fara í nauðsynlegar girðingarframkvæmdir í Kerhrauninu þar sem óviðunandi ástand ríkir í þeim málum. Girðingar eru mjög lélegar og komnar til ára sinna. Einnig hefur komið í ljós að girðingar liggja inn á lóðum margra lóðareiganda, sérstaklega þeim lóðum er liggja að landi Miðengis.

Stjórnin telur að ekki verði hjá því komist að fara út í þessar aðgerðir fljótlega þar sem lausaganga búfjár er leyfð í hreppnum.

Stjórnin telur að nauðsynlegt sé að láta kanna samkvæmt þinglýstum gögnum hvar mörkin liggja (GPS punkta) hjá þeim jörðum sem liggja að Kerhrauni. Samkvæmt 5. gr. girðingarlaga nr. 135 frá 2001 er umráðamönnum lands heimilt að krefjast þess að eða þeir sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði greiði girðingarkostnaðinn að jöfnu að tiltölu við lengd girðingar fyrir landi hvers og eins, sjá nánar meðfylgjandi lagaákvæði.

**5. gr.** "Nú vill umráðamaður lands girða það og hefur hann þá rétt til að krefjast þess að sá eða þeir sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði greiði girðingarkostnaðinn að jöfnu að tiltölu við lengd girðingar fyrir landi hvers og eins og er það meginreglan. Þó er hægt að semja um aðra skiptingu náí aðilar um það samkomulagi. Eigi síðar en ári áður en verk er hafið skal sá er samgirðingar óskar hafa samráð við þann eða þá sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði og leggja fram tillögur um tegund girðingar. Hver aðili hefur rétt til að leggja fram efni, flutning og vinnu í hlutfalli við þátttöku í kostnaðinum. Neiti sá eða þeir er samgirðingar eru krafðir þátttöku í undirbúningi eða framkvæmd verksins getur sá er girða vill beint tilmælum til viðkomandi búnaðarsambands um að tilnefna fagaðila til að skera úr um ágreining, sbr. ákvæði 7. gr. Telji úrskurðaraðilar að sá sem girða vill eigi rétt á samgirðingu getur hann sett girðinguna upp og á hann þá kröfurétt á endurgreiðslu á þeim hluta kostnaðar er hinum ber að greiða, enda hafi ekki verið reist dýrari girðing en úrskurðaraðilar töldu nauðsynlegt."

Stjórn félags sumarhúsaeiganda í Kerhrauni óskar eftir því að jarðareigendur hafi samband við félagið eigi síðar en 20. febrúar til að ákveða hvernig skuli staðið að girðingarframkvæmdum.

Nánari upplýsingar veitir:

Guðrún Njálsdóttir, formaður,  
sími 896-4437